

# BRÚ LÍFEYRISSJÓÐUR E-DEILD

---

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2025

2026-04-19

**TBG ehf.**

Tryggingastærðfræðistofa Bjarna Guðmundssonar ehf.  
Grensásvegi 7 – 108 Reykjavík

2026-04-19

## Inngangur

Eftirfarandi tryggingafræðileg athugun á stöðu E-deildar Brúar lífeyrissjóðs í lok árs 2025 er unnin í samræmi við ákvæði 50. greinar samþykktu sjóðsins. Árið 2025 sameinaðist Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar (LsA) við Brú lífeyrissjóð og var stofnuð E-deild þar sem haldið er utan um rekstur, eignir, skuldir og skuldbindingar LsA. Tryggingafræðileg athugun var síðast gerð miðað við stöðu LsA í lok árs 2024.

Athugunin er gerð í samræmi við ákvæði l. 129/1997 og ákvæði reglugerðar 391/1998.

Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna deildarinnar og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins.

Mat á skuldbindingum byggir á upplýsingum um réttindi sjóðfélaga úr réttindabókhalda sjóðsins sem sjóðurinn lét í té. Við mat eignaliða er einnig stuðst við upplýsingar fengnar úr ársreikningi og fjárhagsbókhalda sjóðsins.

Helstu reikniforsendur sem notaðar eru við athugunina eru :

Raunávöxtun eigna sjóðsins verði 2,0% árlega umfram hækkun lífeyrisréttinda

Lífslíkur sjóðfélaga : samkvæmt reynslu lífeyrissjóða 2014-2018

Lífslíkur annarra réttihafa : samkvæmt íslenskri reynslu 2014-2018

Auk þess er gert ráð fyrir að dánartíðni lækki ár frá ári í samræmi við reiknilíkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2020.

Örorkulíkur sjóðfélaga : Meðaltal reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum 2018-2023.

Giftingar- og barneignalíkur : Byggt á upplýsingum frá þjóðskrá fyrir árin 2019-2023 samkvæmt reiknilíkani Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Forsendur um örorku- giftingar og barneignalíkur eru óbreyttar frá fyrra ári.

Skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið til sjóðsins vegna iðgjaldatímabila fram til loka 2025 kallast áfallnar skuldbindingar. Heildar lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru skuldbindingar sjóðsins þegar einnig er ætlað fyrir réttindum vegna ógreiddra iðgjalda núverandi sjóðfélaga og lúta ákvæði laga um heimil vikmörk eigna og skuldbindingar að mun á heildarskuldbindingum og endurmetnum eignum að viðbættu verðmæti iðgjalda.

Er niðurstaða athugunarinnar að verðmæti eigna sjóðsins að meðtöldu verðmæti framtíðar iðgjalda reiknast 14.847,3 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyrisgreiðslna 27.840,0 milljónir að meðtöldu mati á rekstrarkostnaði. Eignir að frádregnum skuldbindingum reiknast því -12.992,7 milljónir, eða -46,7% af skuldbindingum. Hlutfallið í lok síðasta árs var -42,7%.

Hér er ekki tekið tillit til endurgreiðslna launagreiðenda á hækkunum lífeyris eða bakábyrgðar Akureyrarbæjar á sjóðnum. Sjóðurinn er eins og aðrir lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar undanþeginn þeim mörkum sem almennt eru áskilin í l. 129/1997 um hámarks vilmörk milli eigna og skuldbindinga.

Eignir sjóðsins að teknu tilliti til endurmats án iðgjalda reiknast 14.662,9 milljónir og áfallnar skuldbindingar vegna lífeyrisgreiðslna og rekstrarkostnaðar 27.490,5 milljónir. Eignir að frádregnum áföllnum skuldbindingum reiknast því -12.827,6 milljónir, eða -46,7% af áföllnum skuldbindingum.

Breytinga á mati skuldbindinga er í samræmi við væntingar að teknu tilliti til breytinga vísitalna sem réttindi miðast við. Hækkun eigna nær ekki að halda í við mikla hækkun réttinda.

Nánari grein er gerð fyrir forsendum, reikniaðferðum og niðurstöðum hér á eftir. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ber að skoða sem vænta niðurstöðu úr reiknilíkani þar sem byggt er á forsendum sem eru háðar óvissu. Mismunur milli niðurstöðu reiknilíkansins og raunveruleika geta komið fram bæði vegna tilviljanasveiflna, einkum þegar sá hópur sem reiknað er fyrir er lítill, og einnig vegna þeirrar miklu óvissu sem er um forsendur sem notaðar eru. Forsendur reiknilíkansins lúta að vöxtum, dánarlíkum og fleiru áratugi fram í tímann og því nánast óhjákvæmilegt að frávík komi fram frá þeim forsendum sem reiknað er eftir.

Virðingarfyllst,



---

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

---

## RÉTTINDAÁKVÆÐI

---

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris og skylda þeirra til greiðslu iðgjalda til sjóðsins fara eftir ákvæðum samþykktu sem afgreiddar voru á sjóðfélagafundi Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar þann 16. maí 2012. Samþykktunum var lítillega breytt á ársfundum 2018, þegar iðgjald var hækkað úr 10% í 12% og svo aftur 2019 og 2021 varðandi skipan í stjórn sjóðsins og fleiri atriði, en engar aðrar breytingar voru gerðar varðandi réttindaöflun. Loks var iðgjald til sjóðsins hækkað árið 2023 úr 12% í 15,5% en það hefur ekki áhrif á réttindaöflun sem miðast við réttindatíma í sjóðnum og laun sem greitt er af. Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga frá og með 1. janúar 1999 og fellur starfssemi sjóðsins nú undir ákvæði 54. gr. 1. 129/1997.

Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, A- og B-deild sem hafa sameiginlegan fjárhag.

Sjóðfélagar eru allir starfsmenn Akureyrarbæjar og stofnana hans 16 ára og eldri sem ráðnir eru hjá þessum aðilum, fyrir 1. janúar 1999, í hálfu starf eða meira í fulla tólf mánuði og fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga skv. lögum nr. 94/1986, um kjarasamning opinberra starfsmanna. Sjóðfélagar sem eiga að baki þriggja ára iðgjaldatíma fyrir fullt starf eiga aðild að A-deild, en þeir sem eiga skemmri iðgjaldatíma eiga aðild að B-deild.

Iðgjöld til sjóðsins eru sem fyrr sagði 15,5% af föstum launum, og greiðir sjóðfélagi 4% og vinnuveitandi 11,5%.

Við sameiningu LsA við Brú lífeyrissjóð voru réttindaákvæði LsA tekin upp sem viðauki IX við samþykktir Brúar lífeyrissjóðs, auk þess sem fjallað er um sameininguna í VII. kafla samþykktu Brúar, greinar 39 til 43. Ákvæðu viðauka IX gila um réttindi sjóðfélaga í réttindasafni E-deildar og ganga framur almennum ákvæðum um réttindaöflun í Brú lífeyrissjóði. LsA starfaði í tveimur deildum, A- og B-deild og er svo einnig um E-deild Brúar lífeyrissjóðs.

Þegar vísar er til „sjóðsins“ í eftirfarandi texta er átt við réttindasafn E-deildar Brúar lífeyrissjóðs.

---

### A-DEILD

---

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, en launagreiðandi greiðir þá 15,5% iðgjöld vegna sjóðfélagans, svo lengi sem hann er í starfi.

Lífeyrisréttindi sem veitt eru í deildinni eru ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri hafi sjóðfélagi látið af þeim störfum sem hafa veitt honum aðild að sjóðnum, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 10% eða meira, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku elli- eða örorkulífeyris.

Lífeyrisréttindi eru við upphaf töku lífeyris miðuð við laun sem á hverjum tíma fylgja starfi því er sjóðfélagi gegndi síðast. Eftir að taka lífeyris hefst skulu lífeyrisgreiðslur breytast í samræmi við meðalbreytingar dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands. Þó gátu þeir sem nutu lífeyris frá sjóðnum við gildistöku samþykkt á árinu 2000 eða hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi sem greitt er af til sjóðsins til þess tíma, eftir gildistöku samþykkt þessara, ákveðið að í stað breytinga skv. fyrrnefndri launavísitölu fylgi lífeyririnn breytingum á þeim launum, sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða upphaflegur lífeyrir þeirra var miðaður við.

Hundraðshluti elli- og örorkulífeyris af viðmiðunarlaunum fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðsfélagans og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Síðan ávinnst 1% á ári þar til að rétti til töku ellilífeyris er náð, og eftir það aftur 2%. Makalífeyrisréttur er 50% af ellilífeyrisrétti, að viðbættum 20% af viðmiðunarlaunum hafi sjóðfélagi ekki látið af starfi í lifanda lífi af öðrum orsökum en elli eða örorku.

Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár án skerðingar réttinda. Sjóðfélagi skal þó greiða iðgjöld til þess er 95 ára markinu er náð og réttindi skulu að hámarki vera 64% við 95 ára markið.

Sérstök ákvæði gilda um lífeyrisréttindi fyrir vaktavinnu, og greiða sjóðfélagar 4% iðgjald af launum fyrir vaktavinnu og launagreiðandi 11,5%. Reiknað er hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslum miðað við sérstök viðmiðunarlaun sem sjóðstjórn ákveður, og ávinnst fyrir hverja 12 mánaða iðgjaldagreiðslu réttur til 2% elli- og örorkulífeyris og 1% makalífeyris af viðmiðunarlaununum.

---

## B-DEILD

---

Auk aðalsjóðsins er starfrækt sérstök deild er nefnist B-deild fyrir þá starfsmenn, Akureyrarbæjar og stofnana hans, 16 ára og eldri sem fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga skv. lögum nr. 94/1986, um kjarasamning opinberra starfsmanna en eiga ekki aðild að sjóðnum samkvæmt 3. gr. og ráðnir eru fyrir 1. janúar 1999. Í B-deild geta enn fremur verið þeir sjóðsfélagar A-deildar sem hafa byrjað töku eftirlauna og lokið réttindavinnslu þar en halda áfram starfi hjá bænum. Enn fremur eiga aðild að B-deild þeir sjóðfélagar sem látið hafa af starfi en greitt iðgjöld til A-deildar skemmri tíma en 3 ár.

Um réttindi sjóðfélaga B-deildar gilda ákvæði sem veita sambærileg réttindi fyrir innborguð iðgjöld og samþykktir Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Fyrir hvert ár sem greitt er til sjóðsins ávinnst elli- og örorkulífeyrisréttur er sem er 1,65% af þeim launum sem greitt er af, og eru þau réttindi verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs. Makalífeyrisréttur er 0,825% af launum sem greitt er af og verðtryggður með sama hætti. Makalífeyrisréttur er ekki ævilangur í öllu tilvikum. Ellilífeyrisaldur er 67 ár.

Akureyrarbær ábyrgist skuldbindingar réttindasafnsins, en auk iðgjaldagreiðslna skulu laungreiðendur greiða viðbótariðgjald sem er reiknað sem ákveðinn hluti lífeyrisgreiðslna, nema að þeir hafi nýtt möguleika til uppgjors þeirra skuldbindinga.

Ofangreint ágríp af ákvæðum samþykktar er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til 1.gr viðauka IX og 44.gr samþykktar Brúar um aðild að sréttindasafninu, 5. - 10. greinar varðandi skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og réttindaöflun í A-deild, 16. -20. greinar fyrir sambærileg ákvæði í B-deild, til 2. greinar um iðgjaldagreiðslur og loks 3. greinar viðauka IX og 45. greinar samþykktar Brúar um ábyrgð á sjóðnum og greiðslu viðbótariðgjalds.

---

## GÖGN

---

Helstu gögn sem stuðst hefur verið við eru:

- A) Upplýsingar lífeyrisþega og greiðslur til þeirra í desember 2025. Greint var á milli réttinda í A-deild og B-deild og tegund lífeyris tilgreind.
- B) Skrá um öflun lífeyrisréttinda hvers sjóðfélaga sem réttindi átti í aðalsjóði aðgreint eftir árum. Fyrir hvert ár er tilgreind eftir atvikum iðgjaldagreiðsla og réttindaöflun í A-deild fyrir dagvinnu og vaktavinnu. Upplýsingar eru aðgreindar eftir kennitölu launagreiðanda, með upplýsingum um réttindahlutfall sjóðfélagans fyrir dag- eða vaktavinnu. Þá eru iðgjaldagreiðslur sem ekki stofna til hækkun réttindahlutfalls tilgreindar sérstaklega, svo sem launaleiðrétting fyrir liðin tímabil.
- C) Fyrir sjóðfélaga B-deildar (enginn þeirra var í starfi sem veitti aðild að sjóðnum í lok árs 2025) fengust upplýsingar um áunnin stig alls.

Fyrir alla sjóðfélaga fengust upplýsingar um fæðingardag og kyn, og aldur maka ef sjóðfélagi var í hjónabandi.

Gagna skv. lið B) til C) var aflað hjá Brú lífeyrissjóðsi.

Hjá Brú fengust einnig upplýsingar um viðmiðunarlaun fyrir öflun réttinda fyrir vaktavinnu og frekari upplýsingar um endurkröfu til launagreiðanda á greiðslum lífeyris í desember. Þá liggja fyrir upplýsingar um viðmiðunarlaun flestra þeirra sjóðfélaga sem eiga geymd réttindi í sjóðnum og einnig var aflað upplýsinga um viðmiðunarlaun þeirra sjóðfélaga sem enn greiða iðgjöld til sjóðsins.

Stuðst er við drög að ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2025.

---

## ÁBYRGÐ LAUNAGREIÐANDA Á LÍFEYRISGREIÐSLUM

---

Árið 2005 gerði einn launagreiðandi upp áfallnar skuldbindingar sínar við sjóðinn, og hefur síðan greitt samtímaíðgjald til að fullnusta skuldbindingar fyrir þá starfsmenn sem enn greiða til sjóðsins.

Einn launagreiðandi gerði upp skuldbindingar vegna eins starfsmanns á árinu 2009.

Árið 2007 greiddi Akureyrarbær 3.242,4 milljónir inn til sjóðsins. Akureyrarbær hefur áfram greitt allar hækkningar sem orðið hafa á lífeyri þeirra sjóðfélaga sem aflað hafa réttinda í sjóðnum vegna starfa hjá bænum. Launagreiðendur hafa á undanförunum árum endurgreitt sjóðnum um 50% af greiddum lífeyri. Á árinu 2017 greiddu ríki og Akureyrarbær áfallnar skuldbindingar vegna Öldrunarsheimilis Akureyrarbæjar og frá þeim tíma verða greidd samtímaíðgjöld vegna starfsmanna heimilisins sem áfram greiða til sjóðsins og er þeim ætlað að standa undir nýjum skuldbindingum vegna þessara starfsmanna.

Hafnasamlagið gerði svo upp lífeyrisskuldbindingar á árinu 2020 og 2021.

---

## REIKNIFORSENDUR

---

Um lífslíkur er notaður reiknigrundvöllur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2019 að viðbættri spá félagsins frá 2020 um lækkun á aldursbundinni dánartíðni, sem auglýst var af fjármálaráðuneyti í lok árs 2021 sem hluti staðalforsendna við uppgjör lífeyrissjóða.

Grunnur lífslíkna er byggður á reynslu lífeyrissjóða árin 2014-2018. Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá og sama gildir um fjölda barna og er hér stuðst við nýja athugun á grundvelli árána 2019-2023, samkvæmt reikniklíkani Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, eftir auglýsingu fjármálaráðuneytis. Varðandi örorku er notað meðaltal af reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 2018-2023. Er hér notast við nýja athugun Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, sem fjármálaráðuneyti hefur auglýst sem hluta staðalforsendna við tryggingafræðilegar athuganir.

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður meðaltal kostnaðar sjóðsins árin 2023-2025, uppfært til verðlags í lok árs 2025 og ætlað fyrir sama hlutfalli kostnaðar af skuldbindingum til framtíðar og var 2025, og er áætlaðar greiðslur núvirtar með sömu vöxtum og lífeyrisskuldbindingar. Rekstrarkostnaði er skipt milli áfallinna og framtíðarskuldbindinga í hlutfalli við mat skuldbindinga og íðgjalda.

Lífeyrisréttindi eru eins og áður sagði miðuð við laun sem fylgja starfi því sem gegnt var síðast eigi sjóðfélagar a.m.k. 3 réttindaár hjá sjóðnum, það er 3 ár miðað við fullt starf, en annars verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs og eru þau réttindi varðveitt í B-deild sjóðsins. Varðandi réttindi sem fylgja launum skal samkvæmt reglugerð 391/1998 við mat skuldbindinga miða við 2% ársvexti umfram hækkun launa og fyrir þau réttindi sem miðast við vísitölu neysluverðs er gert ráð fyrir að vextir verði 3,5% umfram hækkun vísitölnnar.

Hér hefur verið gert ráð fyrir að réttindi í A-deild muni fylgja launum og skuldbindingar þeirrar deildar því metnar með 2% vaxtaforsendu, en réttindi í B-deild fylgja breytingum á vísitölu neysliverðs og skuldbindingar því metnar með 3,5% vaxtaforsendu.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru í samræmi við ákvæði reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar athuganir og þær reikniforsendur sem Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga var með sömu reglugerð falið að gefa út til nota við tryggingafræðilegar athuganir. Notuð er fráviksaðferð við mat kostnaðar til framtíðar, þar sem ætla má að líftími skuldbindinga í LSA sé styttri en er hjá sjóðum þar sem enn er tekið við nýjum sjóðfélögum.

Á árinu 2003 var flestum þeim sjóðfélögum sem látið höfðu af störfum úrskurðuð viðmiðunarlaun miðað við mitt ár 2000 eða við starfslok ef þau urðu síðar. Þessi viðmiðunarlaun eru skráð sérstaklega fyrir hvern sjóðfélaga sem ekki hefur hafið töku lífeyris og hafa verið færð til loka árs 2025 með breytingum á vísitölu meðallaun opinberra starfsmanna svo sem fyrir er mælt í samþykktum sjóðsins.

Fyrir starfandi sjóðfélaga var aflað upplýsinga hjá launagreiðendum um föst laun sem greitt er af, miðað við lok árs 2025.

Skuldbindingar sjóðsins eru metnar í tvennu lagi. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga, og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem ætlað er að muni falla á sjóðinn vegna þeirra iðgjalda sem berast muni sjóðnum í framtíðinni vegna þeirra sjóðfélaga sem greiddu til hans iðgjöld á árinu 2025. Á móti áföllnum skuldbindingum standa eignir sjóðsins, og verðmæti iðgjalda á móti framtíðarskuldbindingum.

Varðandi makalífeyrisrétt til 20% af viðmiðunarlaunum sjóðfélaga til viðbótar við áunninn rétt, þá er hann hér talinn með áföllnum skuldbindingum að hluta hjá virkum sjóðfélögum, eða sem svarar til þess hluta makalífeyrisréttar sem áunninn er af þeim makalífeyrisrétti sem ætlað er að sjóðfélagi muni ávinna sér fram til töku ellilífeyris.

Við mat skuldbindinga er fyrir lífeyrisþega miðað við úrskurðaðan lífeyri í desember 2025, og fyrir aðra sjóðfélaga reiknað hverjar verða muni lífeyrisgreiðslur til þeirra samkvæmt reglugerðarákvæðum sjóðsins miðað við þegar áunnin réttindi. Þegar framtíðarskuldbinding er reiknuð er miðað við allir sem töldust til virkra sjóðfélaga á árinu 2025 verði það áfram þar til starfi lýkur vegna elli- örorku eða andláts. Lífeyrisaldur er reiknaður sem 68 ár fyrir virka sjóðfélaga í A-deild, 67 ár fyrir þá sem eiga geymd réttindi skv. reglum B-deildar, annars 65 ár. Skuldbinding vegna 95-ára reglu hefur ekki verið metin.

Endurmeta ber hluta eigna sjóðsins miðað við 3,5% ávöxtunarkröfu samkvæmt reglugerð 391/1998..

## NIÐURSTÖÐUR

Miðað við fyrrgreindar aðferðir og forsendur eru niðurstöður um mat skuldbindinga og eigna við lok árs 2025 sem hér segir (fjárhæðir í milljónum)

| Eignaliðir            | Eignir          | Iðgjöld      | Samtals         |
|-----------------------|-----------------|--------------|-----------------|
| Bókfærð eign          | 14.551,9        |              | 14.551,9        |
| Endurmat*             | 111,0           |              | 111,0           |
| Núvirði iðgjalda      |                 | 184,4        | 184,4           |
| <b>Samtals eignir</b> | <b>14.662,9</b> | <b>184,4</b> | <b>14.847,3</b> |

  

| Skuldbindingar                      | Áunnið           | Framtíð       | Samtals                   |
|-------------------------------------|------------------|---------------|---------------------------|
| Ellilífeyrir                        | 22.132,0         | 304,1         | 22.436,1                  |
| Örorkulífeyrir                      | 182,2            | 2,2           | 184,4                     |
| Makalífeyrir                        | 4.445,6          | 29,0          | 4.474,6                   |
| Barnalífeyrir                       | 1,4              | 0,1           | 1,5                       |
| Rekstarkostnaður                    | 729,2            | 14,2          | 743,4                     |
| <b>Samtals skuldbindingar</b>       | <b>27.490,5</b>  | <b>349,5</b>  | <b>27.840,0</b>           |
| <b>Eignir umfram skuldbindingar</b> | <b>-12.827,6</b> | <b>-165,2</b> | <b>-12.992,7</b>          |
| <b>Hlutfall</b>                     | <b>-46,7%</b>    | <b>-47,3%</b> | <b>-46,7%<sup>1</sup></b> |

Staða sjóðsins versnar frá fyrra ári þar sem hækkun vísitölu meðallauna var mikil, og ávöxtun eigna náði ekki viðmiði tryggingafræðilegra athugana um ávöxtun eigna umfram hækkun lífeyrisréttinda.

Í töflunni er ekki tekið tillit til skuldbindinga aðildarstofnana til greiðslu viðbótariðgjalda sbr.viðauka 12 í samþykktum Brúar. Viðbótariðgjald var á árinu 2025 ákveðið 71,2% af greiddum lífeyri.

Með viðbótariðgjöldum, og að teknu tilliti til uppgjors aðildarstofnana á skuldbindingum fæst eftirfarandi staða:

<sup>1</sup>

### Tryggingafræðileg staða með viðbótariðgjöldum

| Eignaliðir            | Eignir          | Iðgjöld         | Samtals         |
|-----------------------|-----------------|-----------------|-----------------|
| Bókfærð eign          | 14.551,9        |                 | 14.551,9        |
| Endurmat              | 111,0           |                 | 111,0           |
| Viðbótariðgjöld       |                 | 13.438,9        | 13.438,9        |
| Núvirði iðgjalda      |                 | 184,4           | 184,4           |
| <b>Samtals eignir</b> | <b>14.662,9</b> | <b>13.623,3</b> | <b>28.286,2</b> |

| Skuldbindingar                | Áunnið          | Framtíð      | Samtals         |
|-------------------------------|-----------------|--------------|-----------------|
| Ellilífeyrir                  | 22.132,0        | 304,1        | 22.436,1        |
| Örorkulífeyrir                | 182,2           | 2,2          | 184,4           |
| Makalífeyrir                  | 4.445,6         | 29,0         | 4.474,6         |
| Barnalífeyrir                 | 1,4             | 0,1          | 1,5             |
| Rekstarkostnaður              | 729,2           | 14,2         | 743,4           |
| <b>Samtals skuldbindingar</b> | <b>27.490,5</b> | <b>349,5</b> | <b>27.840,0</b> |
| Eignir umfram skuldbindingar  | -12.827,6       | 13.273,7     | 446,2           |
| Hlutfall                      | -46,7%          | 3797,5%      | 1,6%            |

Taflan sýnir að með núverandi samþykkaákvæðum eru skuldbindingar að fullu fjármagnaðar.

Sambærilegt yfirlit er ekki til frá fyrra ári þar sem þá kváðu samþykktir á um endurgreiðslu hækkana lífeyris, en ekki fast hlutfall, sem erfitt var að meta til framtíðar.

---

## FYLGISKJÖL

---

1. Skipting áfallinna skuldbindinga eftir launagreiðanda miðað við lok árs 2025
2. Lífeyrisréttindi starfsmanna sem voru í starfi 2025, dagvinnu og vaktréttindi
3. Lífeyrisréttindi starfsmanna sem ekki voru í starfi 2025, dagvinnu og vaktréttindi
4. Lífeyrisréttindi starfsmanna sem látið hafa af störfum í lok árs 2025, B-deild
5. Lífeyrisþegar – Aðalsjóður og B-deild
6. Tryggingafræðileg athugun 2025
7. Tryggingafræðileg athugun 2025, reiknuð með staðalforsendum
8. Framreikningur á áföllnum skuldbindingum 2025
9. Yfirlit um breytingar á áföllnum skuldbindingum 2025
10. Breyting á stöðu sjóðfélaga í aðalsjóði
11. Breyting á stöðu sjóðfélaga í B-deild